44
8. sept.

# LÖG

um

**breyting á lögum nr. 60, 7. maí 1928, um heimild fyrir veðdeild Landsbanka Íslands til að gefa út nýja flokka (seríur) bankavaxtabréfa.**

Vér Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þéttmerski, Láenborg og Aldinborg,

*Gjörum kunnugt:* Alþingi hefir fallizt á lög þessi og Vér staðfest þau með samþykki Voru:

1. gr.

Fyrir „allt að 10 milljónum króna“ í upphafi 1. gr. komi: allt að 14 milljónum króna.

2. gr.

Síðasta málsgrein 6. greinar, „Ennfremur ...... lögum“, falli burt.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sér að hegða.

*Gefið á Sorgenfrihöll, 8. september 1931.*

Undir Vor konunglega hönd og innsigli.

**Christian R.**
(L. S.)

*Ásgeir Ásgeirsson.*